

3. Fundur verkefnisstjórnar Brothættra byggða 2 – Úthlutunarfundur BBII

Mætt á fundinn:

Charlotta V Englund, Einar Ingi Einarsson, Guðmundur Baldvin Guðmundsson, Helga Harðardóttir, Hildur Halldórsdóttir, Kristján Þ. Halldórsson, Nanna Steina Höskuldsdóttir, Olga Friðriksdóttir og Ólafur Gísli Agnarsson.

Fundur settur kl. 09:00

Eftirfarandi mál voru á dagskrá:

1. Úthlutun styrkja vegna verkefnisins Brothættar byggðir II

1. Úthlutun styrkja vegna verkefnisins Brothættar byggðir II

Á fundum undirbúningshópa verkefnanna „Raufarhöfn og framtíðin II“ og „Öxarfjörður í sókn II“ sem haldnir voru 15 og 16 maí sl. var farið yfir allar umsóknir og komu hóparnir með tillögur að styrkjum til verkefnisstjórnar. Verkefninu ÖÍS bárust alls 8 umsóknir og ROF bárust 10 umsóknir.

Á þessum úthlutunarfundi verkefnisstjórnar voru þessar 18 tillögur undirbúningshóps til umfjöllunar. Ferlið var þannig að ein umsókn var tekin fyrir í einu og þeir sem töldust vanhæfir véku af fundi á meðan farið var yfir viðkomandi umsókn.

Umsóknirnar voru ræddar og athugasemdir gerðar og þær teknar fyrir. Þannig var farið yfir allar umsóknir og endanleg ákvörðun tekin um styrki. Alls var samþykkt að 17 af 18 verkefnum skyldu hljóta styrki. Formleg úthlutun styrkja fór svo fram á Sólstöðuhátíð, þann 21. júní í skólahúsnæðinu á Kópaskeri. Hér er hlekkur á frétt um úthlutunarhátíðina - <https://www.ssne.is/is/um-ssne/frettir/enginn-titill-23>

Í lok fundar var ákveðið að funda að nýju með haustinu. Þá yrði ákveðið hvort halda þurfi nýtt íbúáping til að fara yfir meginmarkmið ROF og ÖÍS.

Fleira ekki gert og fundi slitið 11:45

Fundargerð ritaði Einar Ingi